

Kennari:	Hilmar Friðjónsson	Skammst.	HIF
----------	--------------------	----------	-----

ÁFANGALÝSING:

Í áfangum eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar kynnt ásamt því að fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Fjallað er um markaði og verðmyndun. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um þjóðhagsreikninga og helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemandinn fær þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemandinn geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

MARKMIÐ:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu einkennum markaðshagkerfis og blandaðs hagkerfis
- grunneiningum hagkerfisins og meginhlutverkum þeirra
- lögmálum markaðarins og verðmyndun
- hringrás opins, blandaðs hagkerfis
- umsvifum hins opinbera í efnahagslífinu og aðferðum til fjármögnunar þeirra
- helstu aðilum á peningamarkaði og hlutverkum seðlabanka
- helstu ákvörðunarpáttum utanríkisviðskipta s.s. kenningum um hlutfallslega og hreina hagkvæmni
- helstu áhrifaþáttum nafngengis gjaldmiðla og tilhögun við skráningu á gengi íslensku krónunnar
- hugtakinu hagvöxtur, helstu ákvörðunarpáttum hans og vanda við mat á honum m.a. með tilliti til umhverfisvandamála
- helstu vandamálum í efnahagslífinu s.s verðbólgu, atvinnuleysi og erlendri skuldasöfnun

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja upp líkan fyrir markað
- reikna út markaðsjafnvægi og verðteygni eftirspurnar
- setja upp efnahagshringrás fyrir opið og blandað hagkerfi
- reikna út helstu þjóðhagsstærðir

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á samhengi hlutanna í hagkerfinu og efnahagsþróuninni
- leggja sjálfstætt mat á upplýsingar sem fram koma í umræðu um efnahagsmál
- taka þátt í umræðu um efnahagsmál
- afla sér upplýsinga um helstu hagstærðir og ástand efnahagsmála
- tengja undirstöðuþekkingu í þjóðhagfræði við þróun efnahagsmála

Þjóðhagfræði HAGF2PE05
Námsáætlun haustönn 2025



Verkmenntaskólinn á Akureyri

NÁMSGÖGN:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Þjóðhagfræði eftir Þórunni Klemenzdóttur, Mál og menning, 2008
Ljósrit (afhent)	Efni (les- og verkefni) sem sem kennari dreifir í tímum eftir efnum og ástæðum

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSÞÁTTA:

Tímabil vikunúmer	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmats þátta
Vika 34 18 – 24 ágúst	Kynning á áfanganum		
Vika 35 25 – 31 ágúst	1. kafli. Hvað er hagfræði? (8) 2. kafli. Hvernig verða tekjurnar til? (12)	Verkefni 1. kafla Verkefni 2. kafla	
Vika 36 1 – 7 sept.	3. kafli. Hvaða spurningum reynir hagfræðin að svara? (12) 4. kafli. Adam Smith, faðir hagfræðinnar (8)	Verkefni 3. kafla Verkefni 4. Kafla Heimaverkefni 1 úr köflum 1-4	15%
Vika 37 8 -14 sept.	5. kafli. Karl Marx (6) 6. kafli. Markaðsöflin – eftirspurn og framboð (16)	Verkefni 5. kafla Verkefni 6. Kafla	
Vika 38 15 – 21 sept.	7. kafli. Verðteygni framboðs og eftirspurnar (12)	Verkefni 7. Kafla Kaflapróf úr köflum 1-7	15%
Vika 39 22 – 28 sept.	10. kafli. Markaðsaðstæður (20) 11. kafli. Helstu verkefni opinberra aðila í blönduðu hagkerfi (8)	Verkefni 10. kafla Verkefni 11.kafla	
Vika 40 29 – 5 okt.	12. kafli. Einkavæðing (6) 13. kafli. Markmið og leiðir í efnahagsmálum (6)	Verkefni 12. kafla Verkefni 13. Kafla	
Vika 41 6 – 12 okt.	14. kafli. Þjóðarframleiðslan og landsframleiðslan (14)	Verkefni 14. Kafla	
Vika 42 13 – 19 okt.	15. kafli. Atvinnuleysi (10) 16. kafli. John Maynard Keynes (6)	Verkefni 15. kafla Verkefni 16. kafla Heimaverkefni 2 úr köflum 10-16	15%
Vika 43 20 – 26 okt.	17. kafli. Verðbólga (10) 18. kafli. Phillips-kúrvan og lóðrétt Phillips-kúrvan (4)	Verkefni 17. Kafla Verkefni 18. kafla Kaflapróf úr köflum 10-18	15%
Vika 44 27 – 2 nóv.	19. kafli. Greiðslujöfnuðurinn og gengi krónunnar (14) 20. kafli. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (4)	Verkefni 19. kafla Verkefni 20. kafla	
Vika 45 3 – 9 nóv.	21. kafli. Uppruni og ástæður frjálsra viðskipta landa á milli (12) 22. kafli. Fríverslunarsamtök Evrópu (4)	Verkefni 21. kafla Verkefni 22. kafla	
Vika 46 10 – 16 nóv.	23. kafli. Evrópusambandið (16) 25. kafli. Evrópskt efnahagssvæði (4)	Verkefni 23. kafla Verkefni 25. kafla	
Vika 47 17 – 23 nóv.	28. kafli. Peningamál (10)	Verkefni 28. Kafla Heimaverkefni 3 úr köflum 19-28	15%
Vika 48 24 – 30 nóv.	32. kafli. Fjármálastefna og peningamálastefna (6)	Verkefni 32. Kafla Kaflapróf úr köflum 19-32	15%
Vika 49 1 – 7 des.	Hagfræðileikur	Hagfræðileikur	10%
ATH:	Bókaköflum sem er sleppt.	8, 9, 24, 25, 27, 29, 30, 31, 33, 34	

Nr.: GÁT-029
Útgáfa: 2
Dags.: 13.8.2024
Höfundur: Áfangastjóri
Samþykkt: Skólameistari
Síða 3 af 3

Þjóðhagfræði HAGF2PE05 Námsáætlun haustönn 2025



Verkefnaskólinn á Akureyri

NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSPÁTTA:

Matsform: ☒ Símat ☐ Lokapróf ☐ Lokaverkefni		
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi
Leikur	Hagfræðileikur í lok annar	10%
Tímapróf	3 kaflapróf, metin á 15% hvert.	45%
Heimaverkefni	3 heimaverkefni verður á önninni, metin á 15% hvert. Nemanda ber að skila verkefni sínu á réttum tíma og dregst 0.5 frá einkunn fyrir hvern dag, framyfir skiladag, sem því er ekki skilað. Ef vika er liðinn frá auglýstum skiladegi tekur kennari ekki við verkefninu.	45%
	Samtals:	100%
<u>Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.</u>		
Annað: Önnur matsform en símat eru ekki heimiluð í þessum áfanga, samkvæmt skóladagatali VMA		